

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018		
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 1 af 2		
<b>Fundargerð</b>		
<b>(Tegund fundar)</b>		

Dags.: 27.4.2020	Tími: 16:00	Staðsetning: Teams	Fund boðaði: LGJ
------------------	-------------	--------------------	------------------

#### Þátttakendur

Mættir:	Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Birgir Jónsson, Sævar Örn Arngrímsson, Pjetur St. Arason, María Bóel Guðmundsdóttir, Hlöðver Hlöðversson, Sigríður Kristinsdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Jón Björn Hákonarson, formaður.
Fjarverandi:	

#### Dagskrá:

1. Skóladagatal 2020-2021
2. Gjaldskrá 2020-2021
3. Áætluð annarlök m.v. stöðuna í dag
4. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	Lilja fer yfir skóladagatal næsta skólaárs. Dagatalið hefur verið samþykkt á kennarafundi og er lagt fram til kynningar fyrir skólanefnd. Helstu atriði dagatalsins eru fjölgun námsmatsdaga yfir skólaárið, breyting úr miðannarmatskerfi yfir í vörðukerfi og dreifing á öðrum viðburðum, s.s. forvarnarþingi.
2.	Lilja fer yfir drög að breytingum á gjaldskrá næsta skólaárs. Stærsta breytingin felst í því að hækka gjald vegna heimavistar í takt við það sem aðrir skólar í kringum okkur eru með. Í kjölfarið er umræða um þjónustuna sem fylgir, t.d. helgaropnun. Lilja ætlar að skoða slíkt í kjölfarið.  Einnig er um að ræða hækkun á gjaldskrá fyrir fjarnám, nemendafélag, mat á námi úr öðrum skólum, staðfestingu á námi, próftökugjald v/prófs frá öðrum skólum.  Gjaldskrár vegna efniskostnaðar. Gjald vegna efniskostnaðar var fellt niður fyrir einhverju síðan. Verið er að skoða hvort hægt sé að taka upp slíkt gjald aftur og rukka eftir á vegna þess efniskostnaðar sem til fellur. Það getur þá verið mismunandi eftir nemendum og ákveðið þak á kostnaði. Það þarf að skoða vel hvað heimilt er að gera, s.s. hvaða verkefni nemendur taka með sér heim og eiga eða nýta með öðrum hætti til eigin nota.  Skólanefnd samþykkir breytingar á gjaldskránni fyrir sitt leyti.

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	<b>Fundargerð (Tegund fundar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 2 af 2		

- |    |   |
|----|---|
| 3. | Lilja fer yfir skipulagið fram undan. Verklegar greinar fara að einhverju leyti inn í hús en aðrir munu ljúka sínu námi í fjarumhverfi. Fyrirkomulagi á lokaprófum hefur verið breytt. Brautskráning verður einnig með breyttu sniði. Útskrifað verður í einum hópi og nemendur verða viðstaddir ásamt því starfsfólki sem þarf að vera viðstatt. Athöfn verður streymt og myndataka verður í formi skólaspjalds. |
| 4. | Lilja ræðir tillögur um sumarnám sem hafa verið sendar til ráðuneytis. Ekki er þó ljóst hver þörfin verður í því umhverfi sem við búum í.<br><br>Stefnt að því að boða til næsta fundar skólanefndar í júní.  |
| 5. |   |

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 27.4.2020

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):  
Í rafrænni málaskrá skólans